# AUSTURLAND

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir.




2. Í náttúrunni hér finn ég flest
sem fegrar lífið og gleður mest.
Við njótum þess sem Ísland á,
auðsins dýrsta við fjöllin blá.

3. Því hvað er fegurra'en fossinn hár
sem fellur ögrandi'í djúpar gjár,
á flúðum létt svo leikur sér,
sem lækjarbuna til sjávar fer.

4. Og blómjurt lítil sem gaf oss Guð
af öllu hjarta er vegsömuð.
Hvort sem á melnum grýtta grær
eða gróðurlaut - hún til vor hlær.

5. Og þeir sem gangandi fara'á fjöll,
þar finna álfa og dverga'og tröll,
því Drottinn skóp hér marga mynd
sem mætir sjónum við efsta tind.

6. Því hingað eflaust ég aftur fer
og yndi sæki í greipar þér,
er Löginn gyllir geislaband,
þú góða fjallkrýnda austurland.